

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Nesjavellir, lóð 13, L202576.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi að Nesjavöllum fyrir lóð 13, L202576. Í breytingunni felst skilgreining byggingarheimildar fyrir aðstöðuhúsi á lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Syðri-Brú, Lyngbrekka 6, L207390 og 8, L207035.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi Syðri-Brúar. Í breytingunni felst breyting á lóðarmörkum milli lóðar Lyngbrekku 6 og 8.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. október 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Sogsvegur 18C og 18B, Norðurkot.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi fristundabyggðar í landi Norðurkots. Breytingin felur í sér að lóðir innan svæðisins verða 8 í stað 7 áður með skiptingu lóðar 18C í tvo hluta, annars vegar 18B og hins vegar 18C.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. nóvember 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. nóvember 2021.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2021